

## Skólaráðsfundur 29.09.2020 - Teams fundur kl:8:15

**Mættir eru:** Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir kennari , Álfrún Ýr Björnsdóttir kennari , Alfreð Gústaf Maríusson fulltrúi starfsmanna, María Jónsdóttir skólastjóri , Áslaug Pálsdóttir fulltrúi foreldra, Pétur Örn Magnússon fulltrúi foreldra.

Ritari : Ingunn Huld Kristófersdóttir

Dagskrá:

### Rætt um starfsáætlun Vatnsendaskóla

- Athugasemdir við starfsáætlun. Ragnhildur Helgadóttir sendi athugasemdir í tölvupósti og voru þær teknar til skoðunar .
- Athugasemdir – uppsetning – auka aðgengi á netinu. María tekur til skoðunar.
- Nemendakönnun – Umbótaáætlun var bætt inn í starfsáætlun. Niðurstöður eru inn á heimasíðu skólans.
- Starfsmannakönnun - umbótaáætlun er inni í starfsáætlun. Niðurstöður eru inn á heimasíðu skólans.
- Foreldrakönnun – verður í febrúar eða mars. Niðurstöður verða birtar á heimsíðu skólans.
- Rætt um skólapúlsinn fyrir yngsta stig - stjórnendur í öðrum skólum telja hana engu bæta við það sem er nú þegar er lagt fyrir.
- Líðan könnun og tengslakönnun eru lagðar fyrir í öllum árgöngum 2x á ári – setja inn í starfsáætlun.
- Fundartími: kl: 8:15. - þriðji þriðjudagur í mánuði.  
20. 10, 17.11, 15.12, 19.01, 16.02, 16.03, 20.04, 18.05.
- Starfsáætlun samþykkt með þeim breytingum sem rætt var um.

### Önnur mál.

#### Öryggismyndavélar

- Öryggismyndavélar eru ekki komnar.
- María hefur sent pósta til að fá upplýsingar og staðfestingu á uppsetningu myndavéla.
- Umræða um myndavélar og persónuvernd. Myndavélar mega vera á skólalóð og í anddyrum samkv. persónuvernd.
- Setja upp skilti með textanum: Öryggismyndavélar í gangi/ Öryggismyndavélakerfi
- Er hægt að íta enn frekar á bæinn? – Foreldrafélagið ætlar að íta við kerfinu og ítreka mikilvægi þess að fá myndavélar.

#### Rætt um öryggi barna er varðar reiðhjól/hlaupahjól

- Dekk hafa verið losuð í hjólagrindum á skólalóð.
- Beiðni að senda tölvupóst til foreldra til að vekja athygli á málinu.

#### Skólalóð:

- Klifurveggur: er verið að vinna í klifurvegg, vonandi tilbúinn um mánaðarmótin sept/okt.
- Aparóla: hefur valdi töluverðum árekstrum meðal nemenda, er verið að vinna í að setja reglur og samræma milli árganga.
- Körfuboltavöllur: er ekki ásættanlegur, körfur snúnar, ekki net, undirlag er gúmmiflísar sem vonlaust er að dripla bolta á. Ekki boðlegt að hafa þetta svona. Ekki sambærilegt við aðrar skólalóðir.

Hvað stendur útaf á skólalóðinni?

- Körfuboltavöllur: laga körfur, undirlag ekki gott. Klifurveggur: ekki tilbúinn. Almennur frágangur á skólalóð.

#### Grenndarfulltrúi

- Þorvar Hafsteinsson tilnefndur og allir fundarmenn sammála um að Þorvar yrði áfram grenndarfulltrúi.
- Tillögur: að virkja betur samband skólasamfélags við grenndarsamfélagið.

Rætt um nýja fulltrúa í foreldrafélaginu.

Fundi slitið kl: 8:59